

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700107/bs

Mat á umhverfisáhrifum - hafnargerð í Sundahöfn, Rvík. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að byggja um 500-600 m langan 1. áfanga nýs hafnarbakka utan við landfyllingu utan Klepps og lengja núverandi Kleppsbakka um tæpa 70 m að nýja bakkanum. Rekið verður niður stálþil og landfylling gerð fyrir innan þilið. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan Sundahafnarsvæðisins.


Í tilkynningarskýrslu segir um staðhætti: „Strandlína í Sundahöfn er öll manngerð þar sem búið er að fylla með jarðefnum og setja stálþil utan við náttúrulega strönd. Sjávarbotni í viðlegum upp við landið og innsiglingarlínunni hefur einnig að langmestu leyti verið raskað frá náttúrulegu ástandi með dýpkunaraðgerðum í gegnum árin.“


Ekki er talið að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á fiska umfram beina röskun þeirra búsvæða sem fara undir mannvirki. Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á fuglalíf. Botndýralíf á framkvæmdasvæðinu er talið frekar einsleitt sem að líkindum má rekja til umróts á hafnarsvæðinu, en einnig hugsanlega vegna mengunar frá skólprásum. Ekki er talið að framkvæmdin muni valda rofi á strönd Viðeyjar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna meðferðar dýpkunarefnis eins og fram kemur í tilkynningarskýrslu.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Sigurður Ingason